



Afmælishátíð Smára

Nú er komið að því

Smári á 60 ára afmæli og þá höldum við mikla skemmtun. Hátíðin verður haldin í Félagshöllum á Flúðum 5.nóv og opnar húsið kl 19,30.

Borðvín verður selt á staðnum en eftir það verður hver með sinn poka.

Veislustjóri verður Gísli Einarsson sjónvarpsmaður.

Helga Braga leikkona fer með gamanmál af sinni alkunnu snilld, Karlakór Hreppamanna flytur nokkur lög og svo sér hljómsveitin KARMA um tónlistina fram á rauða nótt. Opinn dansleikur eftir miðnætti.

Séróskir um sæti komi fram við miðapöntun.

Miðapantanir verða hjá

Guðna í s.8561136 e.kl. 19

og hjá Helga í s.8977623 e.kl. 19.

Pantanir þurfa að berast fyrir 29/10

Stjórnin.

Pési

186. tbl. 15. árgangur

Október..2005

Ritstjóri: Ísólfur Gylfi Pálmason

www.hrunamannahreppur.is

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: pesi@fludir.is

Sími: 480 6600

Límtré skilar hagnaði.

Fyrirtækið Límtré Vírnet skilaði hagnaði á síðasta ári. Eins og flestir íbúar Hrunamannahrepps vita á hreppurinn hlut í fyrirtækinu. Fyrirtækið skilaði arði uppá 1.3 milljónir til sveitarsjóðs eftir að 10% fjármagnstekjuskattur hafði verið dreginn frá. Byggt hefur verið við Límtrésverksmiðjuna en þar á að koma bætt starfsmannaaðstaða o.fl. Þá er í bígerð að ganga betur frá umhverfi í kringum verksmiðjuna. Það er gott og gaman til þess að vita að rekstur þessa fyrirtækis gengur vel.

Efnisyfirlit.

Sameining sveitarfélaga
Forystugrein sveitarstjóra.

Fréttir úr Hrunamannahreppi

Tilkynningar

Auglýsingar

Næsti Pési kemur út:

11. nóv

Skilafrestur á efni:

8. nóv

Sundlaugin á Flúðum:

Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga

17:00-21:30

Laugardaga og sunnudaga

13:00-18:00.

Sameiningartillaga felld.

Um nokkurt skeið hefur farið talsverður kraftur og vinna í fundarhald og undirbúningsvinnu vegna tillagna um sameiningu sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu. Mjög rótgróin og athyglisverð samvinna er á milli þessara fjögurra sveitarfélaga sem hafa innan sinna vébanda sameiginlega starfsmenn s.s. félagsmálafulltrúa, ferðamálafulltrúa, skipulags- og byggingafulltrúa og félagsmálastjóra. Einnig hittast oddvitar þessara sveitarfélaga á sameiginlegum fundum einu sinni í mánuði og sveitarstjórar þessara sveitarfélaga hittast einnig til þess að fjalla um sameiginleg málefni sveitarfélaganna.

Mjög eðlilegt er að skiptar skoðanir séu um sameiningu sveitarfélaga.

Akveðin íhaldssemi er ríkjandi því við vitum hvað við höfum en við vitum ekki hvað við fáum. Einnig er víst að mismunandi hefur til tekist þar sem sameining sveitarfélaga hefur átt sér stað sumstaðar mjög vel, en annarstaðar verr. Hér í Hrunamannahreppi var afgerandi mótstaða gegn sameiningu að þessu sinni, því að 190 sögðu nei við sameiningu eða 68.34% en 83 sögðu já eða 30% %, 5 skiluðu auðu. Kosningaþátttaka var um 60%. Í tvennum sameiningarkosningum áður hefur sameining verið samþykkt hér. Þetta eru skýr skilaboð til þeirra sem stýra sveitarfélaginu. Eftir þessum niðurstöðum ber að vinna og móta framtíðarsýn. Það er í eðli þeirra sem fást við pólitík að reyna að lesa í niðurstöður sem þessar. Sá lestur er engin vísindi en ætla má að íbúar sveitarfélagsins séu í stórum dráttum ánægðir með þá skipan sem er á málum hér. Ekkert er óumbreytanlegt og kyrrstaða leiðir alltaf til hnignunar. Hér ríkir sem betur fer ekki kyrrstaða, mikið langt frá því. Það má ekki gleyma því að þegnar okkar sveitarfélags eins og reyndar flestra annarra sveitarfélaga gera miklar kröfur til þjónustu í sveitarfélaginu. Hrunamannahreppur er dýr rekstrareining það gerir víðfeðmi hreppsins hvort heldur er talað um dreifbýlið eða þéttbýlið á Flúðum sem teygir sig um víðan völl og gerðar eru svipaðar kröfur í hreppnum eins og þéttbýlissamfélag væri um að ræða. Allt er þetta eðlilegt og mannlegt hins vegar hrökkva tekjustofnar sveitarfélagsins ekki fyrir þeim útgjöldum og þjónustu sem við innum af hendi. Þarna eru verkefni sem nauðsynlegt er að taka á þannig að kostnaðarvitund fólks breytist, því þjónusta kostar peninga. Hér í uppsveitunum var verulega vel staðið að allri kynningu vegna sameiningarinnar og stóð verkefnisstjórnin, Eva Marín Hlynisdóttir sig vel í þessum efnunum og ber að þakka henni sem og öllum öðrum sem komu að þessari vinnu. Á sama hátt vann kjörstjórnin okkar undir forystu Lofts Þorsteinssonar vel og hnökralaust að öllu er varðaði sjálfar kosningarnar. Við lifum í nútímanum og hér eru margt spennandi í burðarliðnum, – nú er það okkar að nýta okkur tækifærin og vinna að því að gera öflugt sveitarfélag enn öflugra.

Ísólfur Gylfi Pálmason.
Sveitarstjóri.

SAMSKIP

Fréttatilkynning
11. október 2005

Landflutningar-Samskip og Vöndull á Flúðum í samstarf

Landflutningar – Samskip á Selfossi og Vöndull ehf. á Flúðum hafa gengið til samstarfs um vöruflutninga fyrir uppsveitir Árnassýslu. Jafnframt tekur Vöndull að sér vöruafgreiðslu fyrir Landflutninga – Samskip á Flúðum.

Vöndull er fyrirtæki heimamanna á Flúðum sem hafa stundað flutninga um nokkurt skeið og búa að reynslu og þekkingu í faginu. Með samstarfi félaganna á þjónusta við íbúa og fyrirtæki á svæðinu að verða bæði skilvirkari og áreiðanlegri. Er það von beggja aðila að heimamenn kunni þessari nýbreytni vel.

Þrjár áætlunarferðir eru alla virka daga milli Reykjavíkur og Selfoss og daglegar ferðir eru frá Selfossi um uppsveitir Árnassýslu. Nánari upplýsingar um áætlunarferðir og aðra þjónustu á svæðinu fást hjá Landflutningum á Selfossi í síma 588-8820 og hjá Vöndli á Flúðum í síma 566-8342, eða á heimasíðu Landflutninga: www.landflutningar.is.

Nánari upplýsingar veitir:

Sigurður Ástráðsson hjá Landflutningum á Selfossi
í síma 588-8820.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Handsnyrting
Fótsnyrting
Förðun
Vaxmeðferðir

Tímapantanir í síma 566-8342
og 897-3741(Hlíf)



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana 14..okt, 28.okt
og 11.nóv
Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur. Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga	15:30-21:00
Föstudaga	13:00-20:00
Laugardaga	Lokað
Sunnudaga	15:30-20:00

Góðir gestir í heimsókn.

Fulltrúar frá Orkustofnun, ÍSOR (Íslenskar orkurannsóknir) Iðnaðar-
ráðuneytinu o.fl. heimsóttu Hrunamannahrepp á dögunum. Með í för
var Iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, orkumálastjóri Þorkell
Helgason og fleira gott fólk. Þau voru á ferð um Suðurland og
heiðruðu okkur með heimsókn sinni á staðinn. Þau skoðuðu tvö fyrir-
tæki hér, Garðyrkjustöðina á Melum og Límtrésverksmiðjuna. Tals-
verð umræða var um framtíð orkumála og þær rannsóknir sem farið
hafa fram hér hvað þetta varðar. Kortlagning á orkusvæðum hér í
hreppnum á eftir að koma að góðu gagni. Skömmu síðar komu hingað
fulltrúar frá Íslenska lífmassafélaginu þeir Valdimar Kr. Jónsson og
Örn Hjaltalín sem hafa mikinn áhuga á þessu svæði til framleiðslu
ethanols til eldsneytisframleiðslu. Þau mál eru öll á frumstigi enda
þurfa slík mál langan undirbúning. Ýmsar spennandi hugmyndir eru
um framtíðina hvað orkumál varðar í sveitarfélaginu og kemur nýtt
auðlindakort að góðum notum í þeirri vinnu.

Sjö ný fjós í Hrunamannahreppi – stækkun gróðurhúsa

Það er kraftur í hreppamönnum og greinilegt að þeir hafa trú á framtíð-
inni. Þannig eru mörg ný fjós í byggingu í hreppnum. Tekin hafa verið
í notkun tvö fjós í Birtingaholti, og eitt í Bryðjuholti. Þá er verið að
byggja fjós í Hrepphólum, Skipholti, Túnsbergi, Sólheimum og einnig
hafa verið gerðar miklar endurbætur á fjósum á Fossi og Dalbæ. Þetta
eru miklu fremur hallir en fjós. Þá eru Eiríkur og Olga í Silfurtúni að
byggja stórt gróðurhús undir áframhaldandi jarðaberjarækt og Þor-
leifur og Sjöfn á Hverabakka að byggja stórt gróðurhús þar sem þau
ætla að auka við tómataramleiðslu sína. Á sama hátt eru Reynir og
Sólveig á Reykási að velta fyrir sér byggingu gróðurhúss í landi Götu.
Af þessu má sjá stórhug garðyrkjubænda. Af þessum sökum og
mörgum öðrum er enn mikilvægara að tryggja gott neysluvatn í
hreppnum. Það er haft eftir ónefndum heiðursmanni að gott sé að búa í
Kópavogi en er ekki bara aldeilis ágætt að búa í Hrunamannahreppi
líka?

Aðalskipulag enn ósamþykkt.

Það tekur langan tíma að ljúka við gerð aðalskipulags fyrir Hrunamannahrepps. Skipulagsstofnun er enn með skipulagið til umfjöllunar. Sótt hefur verið um viðbótarkostnaðarþátttöku vegna kostnaðar við skipulagið. Nú hefur Skipulagsstofnun samþykkt að veita kr. 900.000 til viðbótar og er því heildarþátttökukostnaður þeirra kr. 3.000.000 en heildarkostnaður við skipulagsvinnuna nemur u.þ.b. kr. 7.000.000. Þá hefur verið ákveðið að skilja hálendið frá aðalskipulagsvinnunni um tíma þar sem enn er deilt um Norðlingaöldu og svæðið þar í kring. Þetta gerum við til þess að ljúka okkar vinnu.

Bókagjöf til bókasafnsins

Finnbogi Jóhannsson fósturfaðir Lárusar Stefánssonar hetjutenors á Reykjafliót, færði Bókasafni Hrunamanna höfðinglega bókagjöf á dögunum. Þetta er mikið og gott safn bóka sem bókavörður okkar, Áslaug Bjarnadóttir hefur tekið á móti. Hér er um margar merkilegar bækur að ræða. Finnboga er þakkað af alhug fyrir hugulsemina og er Áslaug í óða önn að skrá bækurnar og koma þeim fyrir í safninu.

Karлакór Hreppamanna í víking.

Þegar þessi Pési kemur út er stór hluti karlpeningsins í uppsveitum Árnæssýslu í söngferðalagi í Ungverjandi. Eins og flestir vita eru tónsnillingar okkar þau Edit Molnár og Miklos Dalmay einmitt Ungverjar. Þau telja að kórinn hafi nú loks náð þeim þroska að hægt sé að fara með hann til Ungverjalands þannig að þarlendir fari ekki varhluta af tónum sem berast úr þessum látúnsbörkum sem eru yfir fimmtíu. Karlakórinn mun syngja í þinghúsinu og Óperettuhúsinu í Búdapest. Það er reyndar mikið um að vera hjá kórnum í vetur því þeir munu taka þátt í Landsmóti Karlakóra í lok mánaðarins þar sem um 1000 karlar koma til með að stilla saman raddir sínar. Einnig mun kórinn syngja ásamt öðrum kórum á Suðurlandi í sjónvarpi um næstu áramót þegar nýr útvarpsstjóri ávarpar landsmenn – menn treysta á að enn meira áhorf verði á áramótaávarpið en venjulega og að ekki verði sprengt fyrr en söngurinn hefur hljómað um allar koppagrundir. Einhverjir kórfélagar ætla að leggja á sig að vera bláedru fram yfir ávarp útvarpsstjóra – aðrir hafa heitið því að taka þetta uppá myndband og halda uppi óbreyttu líferni á gamlárskvöld.

Frá Leikskólanum Undralandi.

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn í leikskólanum fimmtudaginn 22.september. Kosið var í stjórn foreldrafélagsins og verður Óskar Emilsson formaður, Kristín Erla Ingimarsdóttir ritari, Berglind Ágústsdóttir gjaldkeri, Benedikt Ólafsson meðstjórnandi, Steinunn I. Pétursdóttir fulltrúi leikskólans og varamenn eru þau Bjarney Vignisdóttir og Úlfar Guðmundsson. Samþykkt var á þessum fundi að 200 kr. mánaðargjald sem fer í foreldrasjóð verði tekið af öllum börnum hvort sem um systkyni er að ræða eða ekki og var byrjað að innheimta gjaldið 1.okt. Einnig var samþykkt að fara í fjöruferð og ákveðið að fara næsta haust. Foreldrafélagið hefur ákveðið að gefa leikskólanum stórt Íslandskort og íslenska fánann sem er kærkomið og færur við þeim bestu þakkir. Því miður var mæting foreldra mjög lítil eða alls átta foreldrar. Leikskólabörnin hafa haft í nógu að snúast, þau hafa meðal annars verið að safna laufblöðum, farið í langar gönguferðir eins og upp á Miðfell, farið í bókasafnið þar sem Áslaug kennir þeim að fá bækur að láni og les sögur fyrir þau. Mikið hefur verið byggt úr kubbum hús, líkkistur, kirkjur o.fl. er ekki að sjá annað en við eigum upprennandi hönnuði.

Starfsfólk leikskólans

Einbýlishús til sölu á Efra-Seli.

Húsið er einbýlishús ásamt sambyggðum bílskúr og stendur við Selsvöll (golfvöllinn) í nágrenni við Flúðir. Komið er inn í rúmgóðan gang með aðgengi út í bílskúr sem er með innréttuðu svefnlofti. Ur gangi er gengið út á skjólgóðan pall með heitum potti. Baðherbergi er með fallegri innréttingu ásamt sturtu. Eldhús með fallegri innréttingu og borðkrók. Björt borðstofa og stofa með fallegu útsýni yfir golfvöllinn. Ágætt hjónaherbergi með fataherbergi. Barnaherbergi með skáp. Parket er á gólfum í stofu og herbergjum. Húsið er kynnt upp með hitaveitu. Glæsilegur 18 holu golfvöllur er í nokkra metra fjarlægð frá húsinu. Stutt í alla þjónustu. Nánari upplýsingar gefur Páll Guðjónsson Hjá RE/MAX Stjórnunni í síma 517-3629 eða 690-4994 pall@remax.is. Hægt er að skoða myndir af eigninni á heimasíðu RE/MAX Stjarnan – slóðin er www.remaxstjarnan.is

Samkaup strax

Athugið breyttan opnunartíma

Mánudaga til föstudaga: **09:00-19:00**

Laugardaga: **10:00-19:00**

Sunnudaga: **10:00-17:00**

Verið velkomin
Starfsfólk Samkaup Strax



KB BANKI

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. **480-4700.**

Árshátíð hestamanna

Helgi Kjartansson og aðrir öflugir menn í hestamannafélaginu Smára standa fyrir mikilli árshátíð í Félagsheimili Hreppamanna á Flúðum laugardaginn 5. nóvember. Þar verður boðið uppá miklar kræsingar sem Margrét og Guðmundur hótelsstjórar laða fram af alkunnri snilld. Þeir sem ekki taka þátt í hátíðarkvöldverði eiga möguleika á að sækja dansleik sem haldinn verður í lok borðhaldsins.

Ævintýri á gönguför.

Í síðasta Pésa var talað um hinn skemmtilega texta úr Ævintýri á gönguför sem hljómsveitin Hjálmar festi á hljómdisk hér. Þar var spurt hvort leikdeild Ungmennafélags Hrunamanna hefði sett leikritið upp. Svo var ekki en grannar okkar í austri, í leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja, settu leikritið upp og sýndi víða um Suðurland. Það er gaman að rifja þetta upp enda er lagið bæði fallett og textinn einstaklega skemmtilegur og í honum er svolítill karlremba, sem því miður er á miklu undanhaldi hér eins og annarsstaðar. Það er spurning hvort það er til góðs eða illis? Ætli við verðum ekki að viðurkenna að það er til góðs þegar upp er staðið?

Leigubílstjórnir fluttir til Noregs.

Það er alltaf eftirsjón í góðu fólki sem flytur úr hreppnum. Hið hugmyndaríka fólk, þau Gunn Marrit og Daniel Halldórsson hafa flutt til Noregs en Gunn er einmitt þaðan. Árni á Útlaganum hefur keypt leigubílinn en hann hefur leyfi til leigubílaþjónustu frá gamalli tíð. Gunn og Daniel er þökkuð góð þjónusta í gegnum árin og óskað velfarnaðar hjá frændþjóð okkar í Noregi. Í gegnum tíðina hafa aldeilis myndarlegar og góðar valkyrjur komið hingað í hreppinn og fest rætur. Þær hafa ekki síður getað tuktað karlana sína til en þær innfæddu.

Styrkur frá Brunabótafélaginu

Á dögunum sóttum við um styrk úr ákveðnum sjóði hjá Brunabótafélagi Íslands. Við fengum styrk að upphæð kr. 200.000 sem verður notaður til þess að merkja upptökusvæði heita vatnsins við sundlaugina. Það þykir um margt merkilegt og var umsóknin einmitt miðuð við þá aðgerð.

Steinar í Auðsholti fjárbóndi á ný

Það eru margir góðbændur hér í sveitinni. Eins og menn muna þurfti m.a. að skera niður sauðfjárstofn Steinars Halldórssonar, fjallkóns í Auðsholti, vegna riðu. Steinar er annálaður fjárbóndi og ekki af baki dottinn og nú er hann að endurnýja stofninn og fær ekki fé af verri endanum. Því hluti af því kemur alla leið úr Norður Þingeyjarsýslu. Hluti af stofninum kemur frá Gunnarsstöðum en þaðan er Steingrímur Sigfússon. “Réttrúnaðarmenn” eru skíthræddir við að einhverjir íbúar hreppsins smitist af VG veirunni, en víst er að stofninn er fallegur og kröftugur eins og bændurnir á Gunnarsstöðum.

Skemmtilegt bréf frá stjórnarmanni í KKI

Hinum knáa Bolvíking, Hjálmari Gunnarssyni barst gott bréf á dögunum. Það hljómar á eftirfarandi hátt. “Kæru Hrunamenn! Vil fyrir hönd 10 flokks kvenna UMFN þakka fyrir gott mót nú um helgina. Skipulagning mótsins var til mikillar fyrirmyndar og mótið fór fram án nokkurra hnökra. Vil sérstaklega þakka starfsfólki íþróttahússins sem sýndi okkur fáheyrða gestrisni og gerði dvöl okkar einkar ánægjulega. Kærar þakkir, Örvar Þ. Kristjánsson, þjálfari 10 flokks kvenna UMFN.” Það er gaman fyrir okkur ef þeir sem sækja þjónustu í íþróttahúsið okkar eða í aðrar stofnanir hreppsins eru ánægðir með þjónustuna.

Nýtt launakerfi tekið í notkun,

Guðrún Hermannsdóttir launafulltrúinn okkar tók í notkun nýtt launakerfi um síðustu mánaðarmót. Allt gekk það ótrúlega vel fyrir sig og erum við trúlega fyrsta sveitarfélagið til að taka í notkun þetta nýja kerfi. Um mánaðarmótin tókum við yfir launaútreikninga fyrir kennara skólans en þeir hafa um margra ára skeið verið hjá SASS á Selfossi. Við þetta verður Guðrún með fastari viðveru á skrifstofu sem við auglýsum betur síðar.

Vetrardekk til sölu.

Til sölu 33” Goodrich vetrardekk, negld og sem ný.
Upplýsingar hjá Alla í síma 898-1591

Óska eftir íbúð til leigu.

Íbúð óskast sem fyrst á Flúðum eða næsta nágrenni.
Allt kemur til greina.
Upplýsingar í síma 845-2167 Eeva.

Atvinna.

Vantar starfsfólk í skinnaverkun frá
10. nóvember í 4 til 5 vikur.
Hálfsdags og heilsdags störf í boði.
Upplýsingar í sínum 486-6595 og 891-6595.

Frá Heilsugæslustöðinni í Laugarási. Flensusprauturnar eru komnar.

Verð er 950 fyrir eldri og öryrkja
en 1300 fyrir aðra.

Dagana sem krabbameinsskoðunin fer fram 27. og
28. okt verður boðið upp á beinþéttnimælingu fyrir
þá sem vilja og eru í áhættuhóp vegna aldurs.

Verð er 700 kr og 350 kr fyrir eldri borgara.

Heilsugæslustöðin í Laugarási hefur
fengið nýtt símanúmer.

480 5300

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

FLYTJANDI og **FLÚÐALEIÐ ehf.**

Ferðaáætlun í uppsveitir Árnese-sýslu

(Grímsnes, Laugardalur, Biskupstungur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur)

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum 15): alla virka daga kl:

13⁰⁰

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjunni, Byko og Flytjanda): alla virka daga kl:

14⁰⁰

Aukaferð farinn frá Reykjavík kl: 16⁰⁰ alla föstudaga.

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar á Flúðum.

Bílstjórar:

Pálmar: 892-2370 Stefan: 892-2371

Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludaleid@simnet.is

Ferðalag með ferðamálafulltrúa

Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi okkar uppsveitamanna mæðist í mörgu. Hún er dugleg að koma uppsveitunum á framfæri. Í september tók hún þátt í Vest-Norrænu ferðamálaráðstefnunni sem var haldin á Íslandsbryggju í Kaupmannahöfn. Möguleikar okkar í ferðahjónustunni eru miklir og stöðugt aukast þeir. Þannig bættist falletur veislu- og ráðstefnusalur við hótelið á árinu. Þrír útleigubústaðir bættust við ferðamannahjónustuna í Syðra-Langholti, Golfvöllur í Ástatúni bættist við flórana og í rauninni er það með ólíkindum að tveir golfvöllir skuli vera í ekki fjölmennari hreppi en okkar. S.l. mánudag efndi ferðamálafulltrúinn í samvinnu við ferðamálanefndina til ferðar þeirra sem fást við ferðahjónustu í hreppnum. Þetta var verulega vel heppnuð ferð og þjappar saman því fólki sem fæst við ferðahjónustu. Því þegar upp er staðið er hér ekki um samkeppnisaðila að ræða heldur fólk sem styður hvert annað í spennandi atvinnurekstri. Ásborg hrósaði ferðamálanefndinni sérstaklega fyrir mikinn áhuga og gott starf.

Vatnsveita.

Hannibal Kjartansson er önnum kafinn þessa dagana eins og reyndar oft áður. Nú eru í fullum gangi framkvæmdir við nýja og öflugna vatnsveitu í hreppnum. Skrifað hefur verið undir verksamning við Gröfutaekni en þeir munu grafa vatnsleiðsluna úr Fagradal að Flúðum. Einnig hefur verið skrifað undir samning við Einar Harðarson um að sjóða saman lögnina. Talið er við höfum náð mjög góðum samningum bæði hvað verk- og efnisþáttinn varðar. Ef allt fer að skilum verða verklok ekki síðar en í apríl 2006. Ekki þarf að dæla vatninu þessa leið þannig að það er sjálf rennandi og á þetta eftir að spara okkur mikla peninga. Við greiðum nú í dælukostnað kr. 2.000.0000 á ári. Hreppsnefnd hefur samþykkt að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna framkvæmdanna að upphæð kr. 35.000.000 með 4,03% verðtryggðum vöxtum. Nú er einnig verið að leggja vatn að Unnarholti og þaðan verður lagt vatn að Bjargi og víðar. Mörg fleiri býli hafa sýnt áhuga á að fá vatn frá vatnsveitunni.

Jarðarber, fátt er betra?

“Efalaust hefði Guð getað búið til betra ber, en vafalaust gerði Guð það ekki” Þessa speki mælti Dr. William Butler sem var enskur rithöfundur þegar hann fjallaði um jarðarber. Margir hafa sett jarðarberin í samhengi við Venus gyðju ástarinnar. Frændur okkar Danir eru ekki eins rómantískir þegar þeir tala um jarðarberin sem þeir framleiða í miklu magni á sumrin. Þeir telja þau holl og góð og dálítið “vanddrivende” sem útleggst vatnslosandi á íslensku. Hins vegar vita það margir að þau Olga Guðmundsdóttir og Eiríkur Ágústsson ætla að veðja á rómantikina og hollustuna þegar þau stækka gróðurhús sín um heila 2000 m² og ætla að auka framleiðslu á hinum Guðdómlegu jarðarberjum frá Silfurtúni. Einn þekktasti matreiðslumeistari Evrópu franskur kokkurinn Philip kemur til með að heimsækja þau og fleiri matvælafyrirtæki hér um slóðir nú í október. Að öllu gríni slepptu eru Silfurtúns jarðarberin dulmögnuð á bragðið og gera mönnum gott.

Innheimta gatnagerðagjalda.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt að innheimta kr. 500.000 þegar lóð í eigu sveitarfélagsins er formlega úthlutað. Hefji leiguhafi lóðarinnar ekki framkvæmdir innan árs missir hann lóðina. Ef hann skilar lóðinni til baka fær hann endurgreiddar kr. 450.000. Þetta er gert vegna þess að í nokkrum tilfellum hefur fólk fengið úthlutað lóðum hér, haldið þeim í marga mánuði eða jafnvel í mörg ár án þess að hefja framkvæmdir. Einmitt núna eru nokkur slík dæmi og eru þessar reglur hugsaðar til þess að koma í veg fyrir þetta. Það er auðvitað mjög kostnaðarsamt að deiliskipuleggja ný hverfi, leggja lagnir, vegi o.þ.h. Enn hefur ekki verið formlega gengið frá deiliskipulagi í Högnastaða-ási og svokölluðum “Tómsarhaga” eða “Austurhófi” Málið er löngu afgreitt hjá hreppsnefnd en skipulagsfulltrúi er með málið í sínum höndum og er að ganga frá því við Skipulagsstofnun.

Frá fundi Félagsmálanefndar haldinn 03.10.2005

Heimilishjálpi, fullt starf

Rætt um það, að æskilegt væri að hafa starfsmann í fullu starfi í heimaþjónustu. Í dag fá 62 heimili heimaþjónustu og við það starfa 32 einstaklingar. Mjög erfitt er að fá fólk til starfa í heimaþjónustu.

Dagvistun aldraðra.

Þjónustuhópur aldraðra fundaði nýlega og þar var rætt um dagvistun fyrir eldra fólk sem orðið er mjög lasburða. Hugmynd að nota tvo staði t.d. Heimaland á Flúðum og Bergholt í Reykholti. Yrði þetta að veruleika þá væri hægt að sækja um dagvistunarframlög frá hinu opinbera. Þetta útheimtir akstur, en þá væri jafnvel hægt að nýta starfsmann í fullu starfi við heimilishjálpi á þessum stöðum, ef sú staða kæmi upp að minna væri um að vera í heimilishjálpi.

Samkvæmt nýrri þarfagreiningu þá voru 15. manns á svæðinu, sem nýtt gætu sér dagvistun

Haustfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps

verður haldinn mánudaginn 31. október kl. 20:30.

Takið kvöldið frá.

Nánar auglýst síðar

Haustkveðja

Stjórnin

Körfuboltafréttir

Nú er körfuboltinn kominn á fulla ferð og lið frá U.M.F.H kepptu víða um land helgarnar 1.-2. og 8.-9. okt. og stóðu sig með þryði.

Mikill undirbúningur er að baki öllu starfi deildarinnar og ber þar kannski hæst að „reyna” að virkja foreldra og forráðamenn þeirra barna sem stunda þessa íþrótt.

Við sem tókum að okkur að vera í stjórn trúðum að það væri hægt að virkja alla sem eiga börn í körfuboltanum en sjáum nú eftir þessar fyrstu keppnishelgar að það ætlar að verða þrautin þyngri.

Það þurfti að hringja út og suður og fáir voru tilbúnir að aðstoða, þó að um það bil 80 – 90 börn stundi körfubolta og mæti á æfingar.

Starfið byggist að stórum hluta á vinnuframlagi foreldra og ef þeir hafa ekki áhuga á því að hjálpa til er ekki hægt að fara á mót.

Stjórnin ætlar ekki að sjá um þessi mál án stuðnings foreldra.

Á næstu dögum fá foreldrar/forráðamenn senda heim lista þar sem fram kemur hvenær börnin þeirra eiga að keppa og hverjir eigi að sjá um akstur, eða vera til taks í íþróttahúsinu þegar mót eru hér. Ef einhverjir sjá sér ekki fært að keyra eða vinna þá daga sem þeir fá úthlutað er það þeirra mál að fá einhvern til að leysa sig af. Þetta eru börnin okkar og ef við viljum að þau stundi þessa íþrótt verðum við að vera tilbúin að leggja okkar af mörkum til að þau komist í keppni.

En sem betur fer eru líka ljósir punktar í starfi deildarinnar. Síðasta föstudag var blásið til kleinubaksturs og var hugmyndin að selja kleinur á kjörstöðum. Þær Katrín í Hrepphólum, Guðrún í Þrándarholti, Elísabet í Miðfelli og Katrín á Högnastígnum (Guðjónsdóttir-kennari) Hrund kennari og Stína kokkur mættu galvaskar í eldhúsið í skólanum og stóðu við kleinubakstur daglangt. Reyndin varð sú að allar kleinur seldust nánast beint upp úr pottinum þannig að ekki varð afgangur til að selja á kjörstöðum. Þetta er fjáröflun sem á eftir að endurtaka. Nokkrar ungar stúlkur úr körfuboltanum aðstoðuðu við snúninga og pökkun.

Kann stjórnin þessum vösku konum bestu þakkir fyrir þeirra framlag til deildarinnar.

Með von um jákvæð viðbrögð óskum við okkur öllum skemmtilegs körfuboltaveturs.

Hrund Ingibjörg K.Kristín

Öflug fimleikadeild.

Forsvarsmenn fimleikadeildar Umf. Hrunamanna eru stórhuga þessa dagana. Þau ætla að festa kaup á viðbótartækjum fyrir deildina. En mikið og kröftugt starf hefur verið í deildinni á undanförunum árum. Lítill fugl hvíslaði því að hér væri um “flik flakk” stuðnings apparat að ræða og líklegt væri að annaðhvort sveitarstjórinn eða oddvitinn yrðu fengnir til þess að vígja það. Annar lítill fugl spurði þá á móti hve þungir mega menn vera sem nýta tækið? Víst er að þetta er þarfaping og á eftir að koma vel í starfi fimleikadeildarinnar. Bæði hreppsnefndir Hrunamannahrepps og Skeiða-og Gnúpverjahrepps hafa samþykkt að veita kr. 50.000 til kaupanna

Sveitarstjórinn á Alþingi.

17. október fer sveitarstjórinn ykkar á Alþingi og situr þar í hálfan mánuð, en þannig eru einmitt reglur um setu varamanna á þingi að þeir sitja aldrei skemur en hálfan mánuð. Hjálmar Árnason er á fundum í útlöndum. Eins og áður gleymir sveitarstjórinn ekki skyldum sínum varðandi Hrunamannahrepp og minnir á að alltaf er hægt að leggja inn skilaboð í síma 563-0500 og einnig er hann í tölvusambandi á isolfur@althingi.is.

Nýsköpunarkeppni .

Árlega er efnt til nýsköpunarkeppni meðal grunnskóla landsins og í ár átti Flúðaskóli þrjá frækna hugmyndasmiði þau Þórdísi Björnsdóttur, Kristján Val Sigurjónsson og Jóhönnu Ýr Bjarnadóttur en þeirra hugmyndir voru meðal 56 hugmynda sem valdar voru úr 1994 hugmyndum, og við verðlaunaafhendingu í Smáralind þann 2.okt sl. hlaut “könnuhellarinn” hennar Jóhönnu þriðju verðlaun. Óskum við henni og þeim öllum til hamingju með frábæran árangur.

Fréttir frá Björgunarfélaginu Eyvindi.

Nú er vetrarstarfið hafið hjá okkur í Björgunarfélaginu og fer vel af stað.

Fyrst er að nefna að við erum, í samvinnu við björgunarsveitina Sigurgeir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, með valáfanga í Flúðaskóla fyrir elstu bekkina og gengur námið út á að læra grunninn fyrir björgunarsveitarstörf. Og köllum við hann Útkall- Neyð í óbyggðum.

Náminu er skipt niður nokkurnveginn svona:

Kynningu á okkar starfi og starfi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar

Skyndihjálpar

Rötun- áttavita kennsla

Hnútar og Sig

Fjallamennska

20 nemendur eru hjá okkur í þessum valáfanga og gengur námið vel. Björgunarfélagið færði krökkunum áttavita að gjöf sem koma vonandi til með að nýtast vel í framtíðinni.

Farið verður í fjallaferð í annarlok þar sem sett verða upp verkefni sem tengjast því námsefni sem þau hafa lært hjá okkur. Vonum við að krakkarnir hafi bæði gagn og gaman af þessu og vonandi komum við til með að njóta krafta þeirra í framtíðinni.

Endurskinsmerki

Núna í október var farið að heimsækja leikskólann og yngsta stigið í Flúðaskóla og krökkunum færð endurskinsmerki. Vonum við að þau komi til með að auka öryggi krakkanna í umferðinni og minnum foreldra á að setja líka upp endurskinsmerki svo við sjáumst nú öll í myrkrinu.

Dósastuldur:

Eins og flestir vita er dósa- og flöskusöfnun ein af okkar helstu fjáröflunum. Dósakör eru á nokkrum stöðum í sveitinni og hefur safnast vel í þau, EN við höfum orðið vör við það að á sumum stöðum virðist vera tekið úr körunum okkar og finnst okkur það frekar hart að sé verið að stela frá félagi eins og björgunarfélagi. Sjáum við þann kost vænstan að kalla til lögreglu ef þetta hættir ekki. Viljum við bara benda þeim sem hafa einhverja hugmynd um hver er þarna að verki endilega að biðja viðkomandi um að hætta athæfinu eða láta okkur vita svo við getum rætt við viðkomandi.

Vinnukvöld eru á mánudagskvöldum og eru allir velkomnir að koma og kíkja á okkur, spjalla, fræðast og hjálpa til úti í Björgunarsveitarhúsi þessi kvöld

Nú stendur björgunarfélagið í girðingarvinnu við Auðsholtsveg, samdist við Nesity um verkið og er það fjáröflun fyrir félagið.

Til sölu

Eitthvað er til af bruna og sjúkrakössum hjá okkur.

Brunakassinn er á kr 4900

Sjúkrakassinn er á kr 6500

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafið samband við Óskar Emilsson.

Stjórn Björgunarfélagsins:

Borgþór Vignisson form 895-3760.

Óskar Emilsson gjaldk. 862-4944

Ágúst Helgi Sigurðsson ritari. 866-5681

Hvetjum við alla, konur og kalla, sem hafa áhuga, að koma og gerast félagar og taka þátt í því skemmtilega vetrarstarfi sem framundan er. Þess má geta að skemmtinefnd Björgunarfélagsins er farin að leggja höfuðin í bleyti.

Með haustkveðjum Björgunarfélagið Eyvindur bfev-vindur@simnet.is



Frá Bókasafni Hrunamanna.

Opnunartími:

Mánudagar	Kl.	20-21
Þriðjudagar	Kl.	16-18
Miðvikudagar	Kl.	16-18
Fimmtudagar	Kl.	16-18

Skrifstofa Hrunamannahrepps er opin.

Mánudaga til föstudaga

09:00-12:00 og
13:00-16:00

Alltaf nýtt efni í hverri viku.

Verið velkomin.